

# Sveinspróf júní 2024

Sveinspróf í stáldsmíði og málmsuðu vor 2024

**Skriflegt próf og verklegt verður haldið dagana 05.júní – 9.júní 2024  
hjá Iðunni fræðslusetri, Vatnagörðun 20**

**Skriflegt próf og teiknipróf fer fram þann 05.06. og hefst kl. 16 00.**

**Vegna fjölda þarf að Skipta hópnum í tvennt og átt þú að mæta í verklega prófið  
6.júní frá kl. 08.00 til kl. 18. 00 og  
7.júní frá kl. 08.00.til kl. 16.00**

**Matarhlé er frá kl. 12.00 til 13.00 báða dagana.**

Sveinspróf í stáldsmíði

Sveinspróf í stáldsmíði er skipt upp í fimm þætti: skriflegt próf, teikniverkefni smíðaverkefni, suðuverkefni, frágang smíðaverkefnis og vinnuhraða við smíðaverkefnið.

Hver þáttur er metinn sérstaklega. Próftaki þarf að standast í öllum þáttum prófsins til að ljúka sveinsprófinu. Falli próftaki í einhverjum þáttum prófsins þarf hann eingöngu að taka upp þann þátt aftur.

Skriflegt próf og teiknipróf 3 klst.

Gefin er sérstök einkunn fyrir skriflega prófið. Helstu þættir sem spurt er um í prófinu eru: Spurningar ( ca 20 ) sem varða um almennt s.s. öryggisatriði, rafsuðuþræði, logskurð, iðnreikning annað það sem iðnina varðar.

**Skriflegt próf vegur 25% af lokaeinkunn sveins prófsins.**

Gefin er sérstök einkunn fyrir gerð teikningar er vegur **10% af heild sveinsprófsins.**

Próftakar mega hafa með sér allar þær handbækur sem þeir vilja en ekki má vera búið að skrifa inn í þær auka upplýsingar.

Einnig mega próftakar hafa með sér reiknivél án innritaðra aukagagna.

Pá skulu próftakar hafa með sér þau teikniähöld sem þarf til við gerð útflatninga. Einnig nokkur blöð A3.

Ath. Notkun farsíma og annara fjarskiftatækja er stranglega bönnuð meðan á prófinu stendur.

## **Smíðaverkefni**

**Smíðaverkefnið** er oftast lítið sérstakt stykki þar sem látið er reyna á hæfni og nákvæmni próftakans í meðferð handverkfæra, mælitækja, lestur teikninga og vélavinnu.

Hvert mál í smíðastykkini hefur fyrirfram ákveðið vægi. Fari próftaki út fyrir gefin vikmörk er gefið 0 fyrir málið. Sum mál sem eru afgerandi fyrir virkni stykkisins geta vegið allt að 30%.

Próftakar fá allt að 9 klst. til að klára verkefnið.

**Smíðaeinkunnin vegur 25% af lokaiekunn prófs.**

## **Málmsuðuverkefni**

Prófað er í flestum algengum suðuaðferðum á járni, og ryðfríu stáli .

Einnig er prófað í logskurði.

Prófað er eftir stöðlunum ÍST EN 5817 og ÍST EN ISO 9606-1. Próftökum er bent á að kynna sér staðlana vel þó svo að teikningar af verkefnunum verði fram lagðar. Farið er eftir þeim málum, suðustellingum og öðru sem fram kemur í stöðlunum og framlögðum gögnum. Út verða gefnir suðuferlar (skriflegar leiðbeiningar) varðandi suðuprófið.

Um mat á suðuverkefninu fer eins og segir til í staðlinum ÍST EN 5817.

Próftakar fá allt að 8 klst. til þess að klára verkefnið.

**Einkunn í suðuverkefni vegur 25% af lokaiekunn prófs.**

## **Frágangur**

**Frágangur og útlit verkefnanna vegur 7% af lokaiekunn prófs.**

## **Vinnuhraði**

Gefið er fyrir vinnuhraða. Vinnuhraða einkunnin metin þannig að þeir nemendur sem fá 6,5 eða hærra fyrir smíðaverkefnið hafa möguleiká að fá hærri einkunn en 5 í vinnuhraða. Vinnuhraðinn er metinn út frá því að sá sem er með stystan tíma fær 10 og því næst fá hinir í hlutfalli við það.

Einkunn fyrir vinnuhraða stendur sem sjálfstæð einkunn á einkunnablaðinu, og **vegur 8% inn í lokaiekunn verkefnisins.**

## **Kynning á tækjum og aðstöðu**

**Kynning á tækjum prófstaða fer fram frá kl. 14.00 til 16.00 miðvikudaginn 05.06**

**Kynning á prófstað er innifalin í prófgjöldunum. Allur annar aukaundirbúningstími greiðist af próftakanum sjálfum eða meistara hans.**

**Próftakar með sérþarfir.**

**Próftakar sem telja sig eiga rétt á stuðningi eða sérúrræðum í prófi t.d. lesblindu eða öðru hamlandi skulu hafa samband við náms og starfráðgjafa Iðunnar, sem aftur kemur þeim upplýsingum til prófnefndarinnar.**

**Prófsýning**

**Prófsýning er haldin 5 - 6 vikum eftir að próf fer fram  
Ekki verða veittar upplýsingar um gengi próftaka í prófinu í síma, munnlega eða eftir öðrum leiðum fyrir þann tíma.**

**Sveinsprófsnefnd í stálsmíði,  
Pór Sigfússon, prófnefndarmaður  
Pröstur Jóhannsson, prófnefndarmaður  
Andri Már Ólafsson, prófnefndarmaður**